

Mál nr. 190/2021

M og
V v/ innbústryggingar fjölskyldutryggingar.Ágreiningur um gildissvið innbústryggingar vegna vatnstjóns sem tilkynnt var í mars 2021.**Gögn.**

Málskot, móttækið 10. maí 2021, ásamt fylgigögnum og athugasemdum dags. 24. júní 2021.

Bréf V, dags. 22. júní 2021, ásamt útprentuðum samskiptum M og V og vátryggingarskilmálum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi geymt hluta innbús síns í geymslurými þar sem ofn. Þegar M kom í geymsluna í mars sl. áttaði hún sig á því að ofninn hafið sprungið og vatn sprautast úr honum. M tilkynnti tjón sitt til V símleiðis og síðan með skriflegri tjónstilkynningu ásamt því að senda myndir af tjónsmunum til V, ásamt lista yfir tjónsmuni.

M telur að hún eigi rétt á því að fá tjón sitt bætt úr innbústryggingu sinni hjá V og vísar til þess að hún hafi tilkynnt um tjón um leið og hún varð lekans vör. Einnig kemur fram í málskoti að M komi sjaldan í geymsluna þannig að hún viti ekki nákvæmlega hvenær ofninn sprakk, en þegar hún kom þangað eftir það þá hafi verið mygluskán yfir innbúinu. M vísar því á bug að tjón hafi orðið af vangá hennar.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur tjónið ekki ná undir gildissvið innbústryggingar þar sem leki hafi verið langvarandi og skv. gr. 3.4. í vátryggingarskilmálum bæti V eingöngu tjón vegna vatns sem streymir skyndilega úr leiðslum húss. Einnig telur V að gildissvið innbúskaskótryggingar nái ekki til tjónsins þar sem skv. gr. 3.1 í þeim hluta vátryggingarskilmála þurfi tjón að hafa komið til vegna skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utankomandi atvika og tjón sem rekja megi til myglu séu sérstaklega undanskilin skv. gr. 3.5. í innbúskaskóhluta vátryggingarskilmála. V telur að ljóst sé á myndum að um langvarandi leka hafi verið að ræða og M lýsi tjóninu sjálf sem myglutjóni.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að orsök tjóns á innbúi M sé það að ofn í geymslurými hafi sprungið. Ekki er ljóst hvenær það gerðist en af sömu gögnum verður ekki annað ráðið að slík tjónsorsök sé til þess fallin að valda tjóni á innbúsmunum fljótlega. Ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu V að tjónsorsök sé af öðrum ástæðum en þeim að ofninn sprakk og verður að leggja til grundvallar að M hafi fullnægt sönnunarkröfum með því að tilkynna um slíkt tjón. V gerði ekki reka að því að kanna aðstæður á vettvangi eða sýna fram á að tjón hafi orðið vegna annarrar ástæðu eða langvarandi leka. Verðu því að leggja til grundvallar að tjón M falli undir gr. 3.4 í innbústryggingarhluta fjölskyldutryggingar hennar og er þegar af þeirri ástæðu óþarfi að fjalla frekar um ákvæði í innbúskaskóhluta hennar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.